



# Litrík setlög nærri Hellas Basin

ESP\_032359\_1525



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Á þessari ýktu litmynd sjást góðar opnur í ljósleit setlög sem liggja meðfram norðurbrún Hellas dældarinnar. Í sumum þessara laga hefur CRISM greint merki um vatnaðar steindir en litirnir benda til að lögin séu mismunandi samsett. Setlögin gætu hafa myndast þegar jarðhitavökvi seytláði í gegnum bergið eftir áreksturinn sem myndaði Hellas dældina. Lögin gætu líka verið yngri og hafa myndast þegar hér var stöðuvatn. Rannsóknir á setlögunum með ýmsum gögnum gætu skorið úr um upprunann en líka getið af sér fleiri tilgátur um myndun þeirra.